

Sveitarstjórnarfundur 30. Janúar 2017

Mánudaginn 30. Janúar 2017 kom sveitarstjórn Kaldrananeshrepps saman til 29. fundar kjörtímabilsins á skrifstofu hreppsins í samkomuhúsinu Baldri á Drangnesi. Fundinn sátu þau Finnur Ólafsson oddviti, Jenný Jensdóttir, Ingólfur Haraldsson, Guðbrandur Sverrisson og Magnús Ásbjörnsson. Oddviti setti fund kl 20.00 og stýrði honum samkvæmt dagskrá.

Fundargerð ritar Jenný Jensdóttir á tölvu.

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar
2. Fundargerðir nefnda sveitarfélagsins
3. Aðrar fundargerðir
4. Fjárhagsáætlun 2017 síðari umræða
5. Þriggja ára áætlun 2018-2020 síðari umræða
6. Ljósleiðari
7. Minkaveiðar
8. Sundlaugin
9. Styrkumsókn, Aflið Akureyri
10. Úttekt slökkviliða
11. Leiðbeinandi reglur um framkvæmd sérstaks húsnæðissamnings
12. Ýmis bréf

1. Fundargerð síðasta fundar

Oddviti fór yfir afgreiðslu mála frá síðasta fundi. Fundargerð afgreidd athugasemdalaust

2. Fundargerðir nefnda sveitarfélagsins

Fundargerð Fjallaskilaneftar frá 4.9.216. Fundargerðin afgreidd athugasemdalaust

3. Aðrar fundargerðir

a. Fundargerð Byggingasafns Húsnæðis og Strandamanna frá 9. Des. 2016

b. Fundargerð Velferðarnefndar Stranda- og Reykhóla frá 7. des 2016

c. Fundargerð 844 fundar stjórnar Sambands Íslenskra sveitarfélaga. Lögð fram til kynningar

d. Fundargerð 845 fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga. Lögð fram til kynningar

e. Fundargerð Framkvæmdaráðs umhverfissvottunar Vestfjarða.

4. Fjárhagsáætlun 2017 síðari umræða

Fjárhagsáætlun 2017 rædd við síðari umræðu. Borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

Heildarskatttekjur eru áætlaðar 56 milljónir, framlög úr Jöfnunarsjóði 35 milljónir og aðrar

tekjur fyrirtækja sveitarfélagsins 38 milljónir. Laun og launatengd gjöld eru áætluð rúmar 61

milljón annar rekstrarkostnaður rúmar 59 milljónir.

5. Þriggja ára áætlun 2018-2020 Fjárhagsáætlun næstu þriggja ára rædd og borin upp til samþykktar. Áætlunin samþykkt samhljóða.

6. Ljósleiðari

Oddviti Finnur Ólafsson gerði grein fyrir málefnum ljósleiðaravæðingar. Hann sótti um vegna

a hluta verkefnis v Ísland ljóstengt. Samþykkt að stefna að því að vera tilbúin til að sækja um

i b hluta á næsta ári en nauðsynlegt er að ítreka að okkur vantar stofnstreng fyrir ljósleiðarann.

Sveitarfélagið hefur fengið byggðastyrk vegna ljósleiðara kr. 3.900.000.- sem má geyma á

milli ára.

7. Minkaveiðar

Oddviti gerði grein fyrir málinu. Reynir Bergsveinsson hefur verið með minkasiur í

Bjarnarfirði og stundum fengið greitt og stundum ekki. Oddviti kom með tillögu um að veita

Reyni styrk að upphæð kr. 35.000.- og hann viðhaldi og efli sínar minkaveiðar í sveitarfélaginu. Tillagan borin upp og samþykkt með fjórum atkvæðum og einn situr hjá.

8. Sundlaugin Drangsnesi.

Oddviti gerði grein fyrir málinu. Rekstur sundlaugarinnar er mjög erfiður. Bæði vegna bilana og eins er launakostnaður hár. Frekari ákvarðanir geymdar til næsta fundar.

9. Styrkumsókn, Aflið Akureyri.

Aflið Akureyri óskar eftir rekstrarstyrk frá sveitarfélögum. Styrkbeiðninni hafnað

10. Úttekt slökkviliða. Mannvirkjastofnun hefur gert úttekt á slökkviliði Kaldrananeshrepps. Í skýrslunni er samantekt yfir þau atriði sem bæta þarf úr og beinir þeim tilmælum til sveitarstjórnar að úrbætur verði gerðar sem fyrst. Samþykkt að Finnur Ólafsson verði skipaður slökkviliðsstjóri frá áramótum.

11. Leiðbeinandi reglur um framkvæmd sérstaks húsnæðissamnings.

Lög númer 75/2016 um húsnæðisbætur tóku gildi þann 1. janúar s.l. Ráðuneytið hefur sent sveitarfélögum leiðbeinandi reglur um framkvæmd sérstaks húsnæðisstuðning skv 2.mgr.45gr laga nr.40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga með síðari breytingum. Lagt fram til kynningar.

12. Ýmis bréf

a. Bréf frá Minjastofnun um skráningu menningarminja, fornleifa, húsa og mannvirkja og minnir á skil á gögnum. Lagt fram til kynningar

b. Bréf dags 7.12.2016 frá Þroskahjálparáætlun um húsnæðisáætlanir, stofnframlög og skyldur sveitarfélaga gagnvart fötluðu fólki. Lagt fram til kynningar

c. Bréf dags 1.des 2016 frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga um framtíðarskipan húsnæðismála. Lagt fram til kynningar

d. Bréf dags. 29.11.2016 frá Skjólaskógum Vestfjarða um breytingu á verkefninu Skjólaskógar á Vestfjörðum sem nú er hluti af nýrri ríkisstofnun Skógræktinni. Lagt fram til kynningar.

e. Bréf frá Umhverfis- og auðlindaráðuneyti dags 19.1.2017 vegna nýrrar reglugerðar um eldvarnir og eldvarnareftirlit hjá mannvirkjastofnun. Lagt fram til umræðu og kynningar.

f. Bréf dags 27.1.2017 frá Fiskvinnslunni Drangi ehf varðandi lokun á læknum og hvort Kaldrananeshreppur vildi taka þátt í kostnaði við verkið sem kostaði 1.474.066.- Oddviti leggur fram tillögu um að sveitarfélagið greiði 600 þúsund af þessari framkvæmd. Tillagan borin upp og samþykkt samhljóða.

f. Bréf frá Magnúsi Ásbjörnssyni og Evu Reynisdóttur vegna varnar við vatnságang við Borgargötu 1 Drangsnesi. Óska þau eftir að sveitarfélagið taki þátt í kostnaði við að varna því að vatn liggja áfram að húsinu og valdi frekari tjóni en orðið er. Sveitarfélagið gengst við ábyrgð á þessu vandamáli sem er tilkomið vegna gatnaframkvæmda á Kviabala þegar gatan var lögð á sínum tíma en bendir jafnframt á það að allar framkvæmdir sem ætlast er til að séu greiddar af sveitarfélaginu þurfa að hafa fengið samþykkt sveitarstjórnar áður en til framkvæmda kemur. Samþykkt samhljóða

g. Erindi frá Magnúsi Ásbjörnssyni og Evu Reynisdóttur. Óska þau eftir því að dóttir þeirra geti sótt nám við tónlistarskólann á Hólmavík. Sveitarstjórn tekur jákvætt í málið Oddviti og formanni fræðslunefndar falið að vinna að málinu.

Fleira ekki fyrir tekið
Fundargerðin lesin upp og samþykkt
Fundí slitið kl.

Sveitarstjórnarfundur 14. mars 2017

Þriðjudaginn 14. mars 2017 kom sveitarstjórn Kaldrananeshrepps saman til 30. fundar kjörtímabilsins á skrifstofu hreppsins í samkomuhúsinu Baldri á Drangnesi. Fundinn sátu þau Finnur Ólafsson oddviti, Jenný Jensdóttir, Ingólfur Haraldsson, Guðbrandur Sverrisson og Magnús Ásbjörnsson.

Oddvit leitar afbrigða til að taka sem 12 mál á dagskrá tónlistarnám. Afbrigði samþykkt.

Oddviti setti fund kl 20.00 og stýrði honum samkvæmt dagskrá.

Fundargerð ritar Jenný Jensdóttir á tölvu.

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar
2. Fundargerðir nefnda sveitarfélagsins
3. Aðrar fundargerðir
4. Svæðisskipulagsverkefni Dalabyggð, Reykhólar og Strandabyggð
5. Málefni KSH
6. Byggðasafn -rekstrarsamningur
7. Seeds og Veraldarvinir
8. Áherslur FV 2016-2018
9. Sýning um heita vatnið
10. Málefni Klúku
11. Ýmis bréf

1. Fundargerð síðasta fundar

Oddviti gerði grein fyrir afgreiðslu mála frá síðasta fundi. Fundargerðin afgreidd athugasemdalaust

2. Fundargerðir nefnda sveitarfélagsins
 - a. Fundargerð Hafnarnefndar frá 23.2.2017. Fundargerðin er í 3 liðum og eru liðir 1 og 3 afgreiddir athugasemdalaust. Liður 2 í fundargerðinni varðar tillögu hafnarnefndar að nýrri gjaldskrá fyrir Drangsneshöfn. Sveitarstjórn tekur tillögu hafnarnefndar til athugunar og gerir á henni breytingar. Eftirfarandi gjaldskrá samþykkt Viðlegugjald jullur kr. 2000 á mánuði, Bátar undir 20brt. 7000 kr á mánuði, Bátar yfir 20brt. Kr 10.500 á mánuði. Daggjald báta undir 20brt. 2000 kr. pr dag. Daggjald bátar yfir 20brt. 3000 kr pr dag. Kranagjald 350kr á hvert byrjað tonn. Rafmagn eftir gjaldskrá orkubúsins. Skilagjald á rafmagnsmæli 40.000.- Mælaleiga 500 kr pr mánuð. Sorpgjald samkvæmt samþykktri gjaldskrá Kaldrananeshrepps. Gjaldskráin borin upp og samþykkt með 4 greiddum atkvæðum einn sat hjá.
 - b. Fundargerð Byggingar-skipulags og umhverfisnefndar Kaldrananeshrepps frá 7.3.2017

Fundargerðin er í 8 liðum og afgreidd athugasemdalaust

- c. Fundargerð Fræðslunefndar frá 6.mars 2017. Fundargerðin er í 9 liðum. Varðandi lið nr. 7 danskennsla á Hólmavík. Sveitarstjórn samþykkir að greiða kennslukostnað en foreldrar sjái um akstur. Varðandi liðinn önnur mál. Þá hefur oddvitinn þegar keypt umrætt námsefni Fundargerðin samþykkt.

3. Aðrar fundargerðir

- a. Fundargerð vegna fundar samráðsvettvangs aðildarsveitarfélaga Byggðasamlags Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks sem haldinn var 25.1.2017 lögð fram til kynningar

- b. Fundargerð Heilbrigðisnefndar Vestfjarða frá 10.2.2017. Fundargerðinni fylgir gjaldskrá sem sveitarfélög þurfa að samþykka. Fundargerðin afgreidd athugasemdalaust og gjaldskráin samþykkt.
- c. Fundargerðir nr 846. Og 847. Fundar Sambands isl sveitarfélaga lagðar fram til kynningar.
- d. Fundargerðir stjórnar Fjórðungssambands Vestfjarða frá 14.12.2016 og 24.1.2017 lagðar fram til kynningar.
- e. Fundargerðir stjórnar BSVEST frá 20.12.2016 og 23.1.2017 lagðar fram til kynningar.
- 4. Svæðisskipulagsverkefni Dalabyggð, Reykhólar og Strandabyggð
Skýrsla um Svæðisskipulagsverkefni Dalabyggð, Reykhólar og Strandabyggð lögð fram til kynningar.

5. Málefni KSH

Kaupfélagsstjóri Viktoría Ólafsdóttir átti fund með sveitarstjórn Kaldrananeshrepps þann 6.3.2017 þar sem hún fór yfir rekstrarstöðu Kaupfélags Steingrímsfjarðar og dró upp sviðsmyndir af því sem vænta má í framtíðarrekstri KSH. Tvisýnt er um áframhaldandi rekstur en KSHgj hefur átt í viðvarandi rekstrarerfiðleikum undanfarin 12-14 ár. Rekstrarbati sumarsins dugir ekki fyrir rekstrartapi. Það er of lítil velta, of lítil framlegð og of dýr rekstur. Fjárförð fyrirtækisins er á bilinu 45-50 milljónir en lítið er eftir af eignum til að selja. Erfiðlega gengur að fá rekstrarlán. Nauðsynlegt er að fara í róttækar breytingar og færa fórnir með sparnaði og samdrætti. Og það liggur fyrir að, að öllu óbreyttu muni KSH hætta rekstri á Drangnesi. Sveitarstjórn telur ástandið vera grafalvarlegt og lýsir yfir vilja til að vinna með stjórn KSH til að breyta þessari stöðu.

6. Byggðasafn -rekstrarsamningur

Rekstrarsamningur sem eigendur Byggðasafns Húnavetninga og Strandamanna gerðu við Húnaþing-Vestra gildir til ársloka 2017. Oddvita falið að vinna að þessu máli.

6. Seeds og Veraldarvinir

Sjálfbóðaliðasamtökin Seeds vilja halda áfram við hreinsunarverkefni sem farið var í síðasta sumar. Og þá liggur einnig fyrir bréf frá Veraldarvinum sem eru að leita að verkefnum fyrir sjálfbóðaliða á þeirra vegum. Ef að landeigendur fást til þátttöku í þessu verkefni þá samþykkir sveitarstjórn að taka á móti sjálfbóðaliðum frá Seeds.

8. Áherslur FV 2016-2018

Áherslur FV 2016-2018 sem kynntar voru á þingmannafundi þann 20.2017 lagðar fram til kynningar.

9. Sýning um heita vatnið

Marta Jóhannesdóttir, Anna Björg Þórarinsdóttir og Aðalbjörg Óskarsdóttir hafa í hyggju að setja upp sýningu um heita vatnið en það eru 20 ár síðan það fannst á Drangnesi. Óska þær eftir leyfi til að nýta gamla bókasafnshúsið undir sýningu og fl ásamt því að fá leyfi til að nýta skólahúsnæðið undir sýninguna. Samþykkt að styrkja sýninguna með húsaleigukostnaði.

10. Málefni Klúku

Kaldrananeshreppi hefur borist bréf frá Vilhjálmi þ.Á Vilhjálmsyni dags 13.2.2017 með kröfu á hendur sveitarfélaginu vegna sölu Kaldrananeshrepps á möl úr því sem þeir telja landi Ásmundarness f.h umbjóðenda hans Bjarnarbóls ehf. Kt. 671006-0620. Telja þeir að Hallardalsá ráði ekki landamerkjum KLúku og Ásmundarness heldur eigi að miða við óljósan flóðafarveg árinna Klúkumegin við Hallardalsá. Því hafi hreppurinn í vanheimild selt efni úr landi Ásmundarness og krefst þess að hreppurinn gangi til samninga um uppgjör vegna þessarar efnissölu og áætla þeir verðgildi efnisins á bilinu 750.000.- til 2.350.000.- Samningur Kaldrananeshrepps og Vegagerðar er upp á 117.500.- Sveitarstjórn Kaldrananeshrepps er ekki sammála þessari nýju túlkun á landamerkjum jarðanna. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að ráða lögfræðing til að fara með þetta mál fyrir hönd sveitarfélagsins.

11. Ýmis bréf

- a. Bréf frá Sambandi isl sveitarfélaga dags 6.12.2016 Tilkynning um skil starfshóps varðandi persónuupplýsingar. Lagt fram til kynningar.
- b. Bréf frá Skógræktinni ásamt plöntubréfi 2017. Lagt fram til kynningar

- c. Bréf frá Ísorku vegna rafhleðslustöðvar og uppsetningar. Samþykkt að hafa tilboði Ísorku.
 - d. Bréf frá Thorp consulting varðandi stefnumótun í ferðaþjónustu. Lagt fram til kynningar. Samþykkt að hafna þessari þjónustu
 - e. Erindi frá tómsfundafulltrúa Strandabyggðar varðandi forvarnarteymi og forvarnaáætlunar sem verið er að vinna í. Lagt til kynningar.
 - f. Bréf frá Sambandi ísl sveitarfélaga frá 24.1.2017 varðandi samning milli sveitarfélaga og Fjölís um afnot af höfundarvernduðu efni í stjórnsýslu. Að svo stöddu mun sveitarfélagið ekki gera neitt í þessu máli.
12. Tónlistarnám.
Nemendur Kaldrananeshrepps geta fengið inni í tónskóla Strandabyggðar að því gefnu að við tökum þátt í samrekstri skólans samkvæmt útreikningum sem Strandabyggð sendi. Samþykkt að ganga til samninga við Strandabyggð.

Fleira ekki tekið fyrir
Fundargerð lesin upp og samþykkt
Fundu slitið kl. 23.45

Sveitarstjórnarfundur 11.mái 2017

Fimmtudaginn 11. maí 2017 kom sveitarstjórn Kaldrananeshrepps saman til 31. fundar kjörtímabilsins á skrifstofu hreppsins í samkomuhúsinu Baldri á Drangnesi. Fundinn sátu þau Finnur Ólafsson oddviti, Jenný Jensdóttir, Ingólfur Haraldsson, Magnús Ásbjörnsson og Arnlín Óladóttir sem mætt er í fjarveru Guðbrandar . Oddviti setti fund kl 20.00 og stýrði honum samkvæmt dagskrá.

Fundargerð ritar Jenný Jensdóttir á tölvu.

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar
2. Ýmis mál sem oddviti gerir grein fyrir.
3. Fundargerðir nefnda sveitarfélagsins
4. Aðrar fundargerðir
5. Ferlimál fatlaðra, þjónustusamningur
6. Skipan Svæðisskipulagsnefndar á Vestfjörðum
7. Umhverfissvottunarferli sveitarfélaga á Vestfjörðum
8. Vestfjarðavíkingurinn
9. Bréf frá Orkustofnun
10. Erindi vegna Bryggjuhátiðar
11. Fjórðungsþing Vestfirðinga 24.5.2017
12. Hreyfivika UMFÍ
13. Frisbígolf
14. Niðurstöður vatnssýna
15. Sjónvörn
16. Ýmis bréf

1. Fundargerð síðasta fundar

Oddviti gerði grein fyrir afgreiðslu mála frá síðasta fundi. Fundargerðin afgreidd athugasemdalaust.

2. Ýmis mál sem oddviti gerir grein fyrir.

Finnur Ólafsson gerði grein fyrir ýmsum málum sem hann er að vinna að. Hann hefur verið í miklum samskiptum vegna ljósleiðaravæðingar sveitarfélagsins og verið er að teikna upp leiðina. Þá greindi hann frá því að auglýst var eftir starfsmanni í leikskólann um leið og auglýst var laus kennarastaða. Þá ræddi hann um helstu atriði sem fram komu á íbúafundi en þar bar hæst húsnæðisskortur og ljósleiðari ásamt hreppara, heitu pottar og bætt umhverfi. Oddvita falið að kanna húsnæðismálin betur.

3. Fundargerðir nefnda sveitarfélagsins

Fundargerð Fræðslunefndar frá 24.4.2017 Varðandi lið nr. 5 í fundargerðinni þykir mönnum kostnaðurinn of mikill. Óskar sveitarstjórn eftir að leitað verði betra tilboðs. Fundargerðin borin upp og að öðru leyti en að framan greinir afgreidd athugasemdalaust.

4. Aðrar fundargerðir

a. Fundargerð Velferðarnefndar Stranda og Reykhólahrepps frá 29.3.2017 ásamt reglum um sérstakan húsnæðisstuðning. Fundargerðin afgreidd athugasemdalaust. Reglur Félagsþjónustunnar um sérstakan Húsnæðisstuðning staðfestar af sveitarstjórn.

- b. Fundargerð stjórnar Fjórðungssambands Vestfirðinga frá 3.mái 2017

Lagt fram til kynningar.

c. Fundargerðir 848 og 849 fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga lagðar fram til kynningar.

5. Ferlimál fatlaðra, þjónustusamningur

Sandra Dögg Guðmundsdóttir sem er blind og notandi ferðaþjónustusamnings milli Blindrafélagsins og Kaldrananeshrepps um akstursþjónustu. Óskar hún eftir endurskoðun á þeim samningi og óskar eftir að gerður verði samningur hliðstæður þeim sem Reykjavíkurborg hefur gert fyrir sína notendur að ferðaþjónustu Blindrafélagsins. Afgreiðslu frestað til næsta fundar.

6. Skipan Svæðisskipulagsnefndar á Vestfjörðum

Fjórðungssamband Vestfirðinga óskar eftir þátttöku Kaldrananeshrepps í gerð svæðisskipulags níu sveitarfélaga á Vestfjörðum með yfrskriftinni “Atvinnumál vaxtargreina með áherslu á sjálfbærni og náttúruvernd” Sveitarstjórn skipi samhlíða 2 aðalfulltrúa og tvo til vara í svæðisskipulagsnefnd.

Sveitarstjórn samþykkir að vera þátttakandi í gerð svæðisskipulags fyrir Vestfirði. Samþykkt að skipa Arnlín Óladóttur og Finn Ólafsson sem aðalmenn og Mörtu Guðrúnu Jóhannesdóttur og Kristínu Einarsdóttur sem varamenn í nefndina.

7. Umhverfissvottunarferli sveitarfélaga á Vestfjörðum

Lagt fram til kynningar greinargerð um umhverfissvottunarferli sveitarfélaga á Vestfjörðum ásamt samþykkt um sameiginlega stefnu sveitarfélaga á Vestfjörðum um sjálfbæra þróun í umhverfislegu og félagslegu tilliti. Stefna sveitarfélaganna á Vestfjörðum um sjálfbæra þróun í umhverfislegu og félagslegu tilliti borin undir atkvæði og samþykkt.

8. Vestfjarðavíkingurinn

Styrkbeiðni vegna Vestfjarðavíkingins – keppni sterkustu manna landsins sem fer fram á Vestfjörðum og Vesturlandi í sumar. Samþykkt að veita þeim 80.000.- króna styrk.

9. Bréf frá Orkustofnun

Orkustofnun hefur svarað bréfi Kaldrananeshrepps frá 15.3 s.k varðandi tengingu íbúðarhússins Fiskinesi við veitukerfi hitaveitunnar. Eingreiðslan sem Orkustofnun skal greiða vegna þessa er skv útreikningi orkustofnunnar 1. apríl alls um 4,7 milljónir. En þar sem Alþingi virðist hafa gleymt að gera ráð fyrir fjármunum til eingreiðslna tilkynnir Orkustofnun um ótiltekinn drátt á greiðslu. Lagt fram til kynningar.

10. Erindi vegna Bryggjuhátiðar

Bryggjuhátiðarnefnd um undirbúning bryggjuhátiðar þann 22. júlí hefur gert samning við Seeds sjálfbóðaliðasamtök um að vera hér dagana 16-26.júlí með 8 manna hóp til að sinna ýmsum verkefnum við að fegra bæinn og til að aðstoða við hátiðina. Óskað er eftir því að sveitarfélagið kosti fæði fyrir hópinn sem hafa mun aðsetur í skólanum og sjá sjálf um matseldina. Samþykkt að verða við þessari beiðni.

11. Fjórðungsþing Vestfirðinga 24.5.2017

Fjórðungsþing Vestfirðinga verður haldið í Bolungarvík 24.mái 2017.

Kjörbréfin undirrituð.

12. Hreyfivika UMFÍ

Dreifibréf um hreyfiviku UMFÍ 29.maí til 4. Júní n.k. Lagt fram tilkynningar.

13. Frisbígolf

Ingólfur Haraldsson hefur leitað eftir tilboði í Frisbíkörfur og diska. Verð á 9 körfum ásamt 30 diskum er 675.000.- krónur. Þá er eftir uppsetning og hönnun á teig og merkingum. Lagt til að kanna þetta betur og hvort fleiri aðilar myndu taka þátt.

14. Niðurstöður vatnssýna.

Niðurstöður vatnssýna sem tekin voru á Drangnesi 6.mars s.l. Niðurstöður sýna að vatnið stenst gæðakröfur skv 536/2001. Lagt fram til kynningar

15. Sjóvörn

Sjóvarnarskýrsla 2017 Oddvita falið að senda vegagerðinni ósk um bættu sjóvörn við Drangnesbryggju.

16. Ýmis bréf

a. Félag eldri borgara í Strandasýslu óskar eftir styrk til starfseminnar.

Samþykkt að styrkja félag eldri borgara með 50.000 – króna styrk.

b. Bréf frá Íbúðalánasjóði lagt fram tilkynningar.

Fleira ekki tekið fyrir
Fundargerð lesin upp og samþykkt
Fundí slitið kl. 23.45

Sveitarstjórnarfundur 14.6. 2017

Miðvikudaginn 14. júní 2017 kom sveitarstjórn Kaldrananeshrepps saman til 32. fundar kjörtímabilsins á skrifstofu hreppsins í samkomuhúsinu Baldri á Drangnesi. Fundinn sátu þau Finnur Ólafsson oddviti, Jenný Jensdóttir, Ingólfur Haraldsson, Guðbrandur Sverrisson og Margrét Bjarnadóttir sem mætt er í fjarveru Magnúsar. Oddviti setti fund kl 20.00 og stýrði honum samkvæmt dagskrá.

Fundargerð ritar Jenný Jensdóttir á tölvu.

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar
2. Ýmis mál sem oddviti gerir grein fyrir.
3. Fundargerðir nefnda sveitarfélagsins
4. Aðrar fundargerðir
5. Ársreikningur 2016 – fyrri umræða
6. Lóðaumsókn
7. Ýmis bréf

Var þá gengið til dagskrár

1. Fundargerð síðasta fundar
Oddviti Finnur Ólafsson gerir grein fyrir afgreiðslu mála frá síðasta fundi. Fundargerðin afgreidd athugasemda laust.
2. Ýmis mál sem oddviti gerir grein fyrir.
Finnur Ólafsson gerir sveitarstjórn grein fyrir ýmsum málum sem unnið er að. Oddviti greindi frá því að þar sem gamla sláttuvélin sé alveg búin og hafi hann því keypt nýja veglega vél á rúmar 600.000.- Baldur Steinn var ráðinn til að vera með unglingavinnuna í sumar. Ljósleiðaramál eru enn í vinnslu. Þá er hann búinn að tala við Ómar Pálsson vegna þakskipta á skólanum.
3. Fundargerðir nefnda sveitarfélagsins
 - a. Fundargerð Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefndar frá 16.5.2017. Fundargerðin sem er í 4 liðum og samþykkt athugasemdalaust.
4. Aðrar fundargerðir
 - a. Fundargerð Heilbrigðisnefndar Vestfjarðasvæðis frá 12.mai s.l lögð fram til kynningar og afgreidd athugasemdalaust.
 - b. Fundargerð 850. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga. Fundargerðin lögð fram til kynningar.
5. Ársreikningur 2016 – fyrri umræða
Ársreikningur Kaldrananeshrepps vegna ársins 2016 afgreiddur til síðari umræðu.
6. Lóðaumsókn
 - a. Bjarni Þórisson og Marta Guðrún Jóhannesdóttir óska eftir lóð við Grundargötu. Um er að ræða lóð nr. 7. Hyggjast þau flytja þangað og endurbæta hús sem stendur nú á jörðinni Kleifum, Steingrímsfirði og nota sem einbýlishús. Húsið er u.þ.b 56fm að grunnfleti og 112fm með rishæð.
Sveitarstjórn fagnar framkomnum áhuga þeirra á að vilja byggja á Drangnesi. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða umsókn þeirra um lóðina Grundargötu 7. Samþykkt þessi er háð því að framkvæmdir hefjist innan árs. Skal þeim bent á þann möguleika að endurnýja umsóknina að þeim tíma liðnum ef framkvæmdir hafa ekki hafist.
 - b. Ásta Dís Óladóttir og Jakob Bjarnason til heimilis að Viðjugerði 12, 108 Reykjavík vilja með bréfi dags 12.6 2017 endurnýja ósk sína um að fá úthlutað lóð, sem samkvæmt

tillögu að deiliskipulagi, er nefnd Vitagata 2 Drangsnesi. Vonast þau eftir að sveitarstjórn Kaldrananeshrepps endurmeti afstöðu sína frá 2014. Sveitarstjórn tekur jákvætt í erindið. Afgreiðslu frestað en oddvita falið að kanna með kostnað og fleira tengt götu framkvæmdum.

7. Ýmis bréf

- a. Bréf frá Arnlin Óladóttur varðandi skógrækt Klúku. Lagt fram til kynningar.
- b. Fréttabréf frá Hollvinafélagi Gvendarlaugar hins góða. Sveitarstjórn samþykkir að veita 500.000.- króna styrk til þessa verkefnis.
- c. Frisbígolf. Bréf frá Ingólfi Haraldssyni varðandi kaup á frisbígolf körfum og diskum. Samþykkt að sveitarfélagið styrki Samkomuhúsið Baldur með kaup á einni frisbígolfkörfu og 20 diskum.
- d. Ferlimál fatlaðra. Oddvita falið að ganga frá samningsmálum við Blindrafélagið vegna ferlimáls fatlaðra.

Fleira ekki fyrir tekið
Fundargerð lesin upp og samþykkt
Fundi slitið 22.12

Sveitarstjórnarfundur 13.7. 2017

Fimmtudaginn 13.7. 2017 kom sveitarstjórn Kaldrananeshrepps saman til 33. fundar kjörtímabilsins á skrifstofu hreppsins í samkomuhúsinu Baldri á Drangnesi. Fundinn sátu þau Finnur Ólafsson oddviti, Jenný Jensdóttir, Guðbrandur Sverrisson og Magnús Ásbjörnsson.

Oddviti setti fund kl 20.00 og stýrði honum samkvæmt dagskrá. Oddviti leitar afbrigða að taka fyrir málefni sem borist hafa. Sem 7. Lið Ýmis bréf. Afbrigði samþykkt.

Fundargerð ritar Jenný Jensdóttir á tölvu.

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar
2. Ýmis mál sem oddviti gerir grein fyrir.
3. Fundargerðir nefnda sveitarfélagsins
4. Aðrar fundargerðir
5. Ársreikningur 2016- síðari umræða
6. Bjarnarfjarðará

1. Fundargerð síðasta fundar.

Oddviti Finnur Ólafsson gerir grein fyrir afgreiðslu mála frá síðasta fundi. Afgreitt athugasemdalaust.

2. Ýmis mál sem oddviti gerir grein fyrir.

Finnur Ólafsson gerði grein fyrir þeim verkefnum sem í gangi eru núna. Verið er að mála skólann. Búið er að setja girðingu bjarg megin við listaverk Bergsveins, til heiðurs Golfstraumnum, á Horninu. Magnús og Brandur ætla að girða í kringum verkið til að gera það fjárhelt. Verkið verður vígt á Bryggjuhátið. Keypt verður borð með sæti til að hafa þarna. Verið er að jafna út planið við frystihúsið með uppgrefti frá byrjuðum byggingarframkvæmdum. Einnig er keyrt í kvos við Holtagötuna.

3. Fundargerðir nefnda sveitarfélagsins.

Engar fundargerðir lágu fyrir fundi.

4. Aðrar fundargerðir.

- a. Fundargerð Velferðarnefndar Reykhóla og Stranda

Fundargerðin afgreidd athugasemdalaust.

5. Ársreikningur 2016 – síðari umræða

Ársreikningur vegna 2016 lagður fram til síðari umræðu. Rekstrarniðurstaða A hluta sveitarstöðs án fjármagnstekna og gjalda er jákvæð 19.445.000.- Rekstrartekjur ársins voru alls 126.792.000 og rekstrargjöld án afskrifta sem voru 5,1 milljón 102.240.000.-

Rekstrarniðurstöður: Eignasjóður jákvæður 3,9 milljónir. Hafnarsjóður neikvæður 5,3 milljónir. Vatnsveita jákvæð 0,5 milljón. Hitaveita neikvæð 2,4 milljónir.

Ársreikningurinn lagður fram og samþykktur.

6. Bjarnarfjarðará

Sveitarstjórn samþykkir að hafa sama hátt á og undanfarin ár að gefa íbúum

Kaldrananeshrepps veiðidaga sveitarfélagsins í Bjarnarfjarðará.

Finnur Ólafsson situr hjá við afgreiðslu og setur fram bókun. Sveitarfélagið beiti sér fyrir því að núverandi fyrirkomulagi hjá Veiðifélagi Bjarnarfjarðarár verði breytt.

7. Ýmis bréf.

a. Ingólfur Haraldsson dags. 13.7 Segir hann frá því að Frisbigolfkörfurnar séu komnar og búið að setja þær upp í sjálfböðavinnu. Nauðsynlegt sé að koma upp skilti með tölvuteiknaðri

mynd af vellinum og útskýringum og leikreglum. Óskar hann eftir 50.000.- króna framlagi frá sveitarsjóði til að koma því upp. Oddviti ber upp tillögu um að hreppurinn leggi fram 50.000.- til skiltagerðarinnar. Tillagan samþykkt.

b. Ingólfur Haraldsson bendir á í sama bréfi að til standi að setja Aðalbraut 28 á sölu og hvetur sveitarfélagið til að huga að kaupum á húsinu en mikill skortur er á leiguhúsnæði á staðnum. Oddvita falið að fylgjast með þessu máli.

c. Bréf frá Vegagerðinni varðandi þörf á framkvæmdum við hafnir í sveitarfélaginu. Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki fyrir tekið

Fundargerð lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið kl 21.30

Sveitarstjórnarfundur 13.9.2017

Miðvikudaginn 13.9. 2017 kom sveitarstjórn Kaldrananeshrepps saman til 34. fundar kjörtímabilsins á skrifstofu hreppsins í samkomuhúsinu Baldri á Drangnesi. Fundinn sátu þau Finnur Ólafsson oddviti, Jenný Jensdóttir, Guðbrandur Sverrisson og Magnús Ásbjörnsson og Ingólfur Haraldsson. Oddviti leitar afbrigða til að taka á dagskrá erindi frá foreldrum nemanda í grunnskóla Drangness. Verður það liður 22 á dagskrá fundarins. Afbrigði samþykkt.

Oddviti setti fund kl 20.00 og stýrði honum samkvæmt dagskrá.

Fundargerð ritar Jenný Jensdóttir á tölvu.

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar
2. Ýmis mál sem oddviti gerir grein fyrir.
3. Fundargerðir nefnda sveitarfélagsins
4. Aðrar fundargerðir
5. Erindi frá landeigendum Bæ 3
6. Verðkönnun v hitaveitunnar
7. Erindi frá sýningarnefnd Bryggjuhátiðar
8. Ósk um umsögn um breytingar á Aðal- og deiliskipulagi Árneshrepps
9. Heilbrigðiseftirlit – vatnsveita
10. Samgönguáætlun
11. Erindi frá Ingibjörgu Ingimarsdóttur
12. Bréf frá Reyni Bergsveinssyni
13. Vegagerð v styrkvega 2017
14. Ósk um framkvæmdaleyfi
15. Erindi frá Benedikt S. Péturssyni
16. Erindi frá skólastjóra Drangnesskóla
17. Erindi frá Félagi eldri borgara Strandasýslu
18. Ísland ljóstengt
19. Ársskýrsla Starfsendurhæfingar Vestfjarða
20. Ályktun vegna vanda sauðfjárþænda
21. Fjórðungsþings Vestfirðinga.

1. Fundargerð síðasta fundar

Oddviti gerir grein fyrir afgreiðslu mála frá síðasta fundi.

2. Ýmis mál sem oddviti gerir grein fyrir.

Finnur Ólafsson gerir grein fyrir ýmsum málum sem unnið er að ásamt því að svara fyrirspurnum sveitarstjórnarmanna.

Samningur um akstur blindra við blindrafélagið. Þjónustusamningurinn milli Blindrafélagsins og þjónustuþega verði uppfærður og verði sambærilegur við nýja Reykjavíkursamninginn.

Rotþró fyrir Gvendarlaug hins góða í Bjarnarfirði er komin og verið að vinna við undirbúning niðursetningar.

Árskort fyrir sundlaugina. Verð verður ákveðið síðar.

3. Fundargerðir nefnda sveitarfélagsins

a. Fundargerð Byggingar-skipulags og umhverfisnefndar Kaldrananeshrepps frá 16.8 s.l Fundargerðin er í 5 liðum og afgreidd athugasemdalaust eftir umræðu í sveitarstjórn.

- b. Fundargerð Fræðslunefndar frá 15. Ágúst s.l

Fundargerðin er í 4 liðum og afgreidd athugasemdalaust.

c. Fjallskilaseðill. Þar sem Félagsbúið Odda setur fleiri menn á fjall en fjárfjöldi segir til um samþykki sveitarstjórn að greiða styrk til þeirra kr. 40.000.- Þessi ákvörðun er tímabundin og ekki bindandi fyrir komandi ár. Skarðsrétt er 100 ára í ár og samþykkir sveitarstjórn að gera einhvern dagamun af því tilefni og samþykkir að leggja fram allt að 100.000.- til þess.

d. Kristján Hreinsson fh Veraldarvína býður fram vinnu sjálfbodaliða næsta sumar. Lagt fram til kynningar.

4. Aðrar fundargerðir

a. Fundargerð Heilbrigðisnefndar Vestfjarða frá 25.8.2017

Fundargerðin afgreidd athugasemdalaust.

b. Fundargerð stjórnarfundar Fjórðungssambands Vestfirðinga frá 6.9.2017

Fundargerðin afgreidd athugasemdalaust.

c. Fundargerð aðalfundar Strafsendurhæfingar Vestfjarða 7.6.2017

Fundargerðin afgreidd athugasemdalaust.

5. Erindi frá landeigendum Bæ 1, 2 og 3

Bréf dags í júlí 2017 frá landeigendum í Bæ 1, 2, og 3 í Kaldrananeshreppi varðandi möguleika á hitaveitu til híbýla þeirra. Vilja undirritaðir fasteignaeigendur beina því erindi til sveitarstjórnar Kaldrananeshrepps að þau eru reiðubúin til viðræðna og samstarfs um mögulega uppbyggingu hitaveitu. Það liggur fyrir að ekki er nægilegt vatnsmagn úr borholunni á Drangnesi til að leggja hitaveitu út í Bæ. Óskað var eftir kostnaðaráætlun fyrir borun á Mýrum til þess að koma upp hitaveitu að Bæ. Ljóst er að um dýra framkvæmd er að ræða sem þarfnast töluverðs undirbúnings og alls ekki ljóst með árangur. Sveitarstjórn ætlar að óska eftir tilboði frá verkfræðistofu á hönnun hitaveitukerfis.

6. Verðkönnun v hitaveitunnar

Í framhaldi af fyrri dagskrárlíð fékk oddviti Jarðfræðipjónustu Hauks Jóhannessonar ehf til að gera kostnaðaráætlun fyrir nýja vinnsluholu fyrir hitaveituna á Drangnesi. Án flutningskostnaðar, ferðakostnaðar og upphalds og án þess að taka með kostnað við borplan þá má reikna með að 300 metra hola kosti alls 7,7 milljónir og 600 metra hola kosti 12,3 milljónir. Þá er eftir dreifilögn frá holunni. Lagt fram til kynningar.

7. Erindi frá sýningarnefnd Bryggjuhátiðar

Sýning um hitaveituna sem var á Bryggjuhátið hefur verið tekin niður. Vilja aðstandendur sýningarinnar beina því til sveitarstjórnar að efninu sem var safnað verði nýtt til að vinna upplýsingaskilti um þennan fund heita vatnsins. Sveitarstjórn tekur jákvætt í erindið.

8. Ósk um umsögn um breytingar á Aðal- og deiliskipulagi Árneshrepps

Skipulags- og byggingarfulltrúi Árneshrepps óskar eftir umsögn um tillögu á breytingu á aðalskipulagi Árneshrepps 2005-2025 ásamt umhverfisskýrslu. Þá er einnig óskað eftir umsögn um tillögu að deiliskipulagi ásamt umhverfisskýrslu fyrir Hvalárvirkjun sem samþykkt var á fundi hreppsnefndar Árneshrepps þann 15. Ágúst 2017

Sveitarstjórn Kaldrananeshrepps veitir jákvæða umsögn vegna breytinga á aðalskipulagi Árneshrepps og framkomna deiliskipulagstillögu og samþykkir breytinguna.

9. Heilbrigðiseftirlit – vatnsveita

Vatnssýni sem tekið var á Drangnesi þann 19. júlí s.l reyndist ekki í lagi og stóðst ekki gæðakröfur. Niðurstaðan var auglýst rækilega fyrir íbúum á Drangnesi og þeir beðnir að sjóða allt vatn. Tekin voru 3 ný sýni nokkru síðar sem stóðust öll kröfur. Lagt fram til kynningar. Við eftirlit vatnsveitustjóra kom í ljós að hleri á vatnstank hafði verið fjarlægður og var það lagað og voru sýnatökur eftir það í góðu lagi.

10. Samgönguáætlun

Samgönguáætlun 2018-2019. Endurskoðun stefnu í samgöngumálum. Umsögn Fjórðungssambands Vestfirðinga frá 31.8.2017 lögð fram til kynningar.

11. Erindi frá Ingibjörgu Ingimarsdóttur.

Ingibjörg Ingimarsdóttir hefur keypt sumarhúsið Skarðshlíð í landi Skarðs og óskar eftir að gera nýjan lóðarleigusamning þar sem núverandi lóð yrði stækkuð. Sveitarstjórn samþykkir erindið og felur oddvita að gera nýjan lóðarsamning.

12. Bréf frá Reyni Bergsveinssyni

- Bréf frá R.B. dags 28.8 2017 vegna gildruveiða á mink í Bjarnarfirði ásamt reikningi og greinargerð fyrir unna vinnu. Reikningur er greiddur og erindið lagt fram til kynningar.
13. Vegagerð v styrkvega 2017
Umsókn um fjárveitingu til styrkvega 2017 sem sótt var um hefur fengið afgreiðslu og eru veittar í verkið kr. 350.000.- Þessu fé verður varið í lagfæringu á veginum fram í Sunndal.
14. Ósk um framkvæmdaleyfi.
Benedikt S. Pétursson hefur keypt jörðina Hvamm í Bjarnarfirði. Óskar hann eftir framkvæmdaleyfi til þess að bora eftir heitu vatni á jörðinni. Sveitarstjórn samþykkir að veita framkvæmdaleyfið og samþykkir að senda erindið til Byggingar-skipulags og umhverfisnefndar til frekari afgreiðslu.
15. Erindi frá Benedikt S. Péturssyni
Benedikt S. Pétursson óskar eftir því að skráningu sumarhúss á jörðinni Hvammi í Bjarnarfirði verði breytt úr sumarhúsi og húsið verði skráð sem íbúðarhús. Sveitarstjórn samþykkir erindið og felur oddvita að ganga frá málinu við þjóðskrá.
16. Erindi frá skólastjóra Drangsnesskóla
Marta Jóhannesdóttir skólastjóri óskar eftir heimild til að kaupa notaða tölvu sem HÍ er að selja. Kostar hún 50.000.- Þá óskar hún einnig eftir samráði við sveitarstjórn varðandi skólalóðina. Samþykkt að veita henni heimild til að kaupa tölvuna. Varðandi lóðina þá er sveitarstjórn sammála því að skoða samstarf við foreldrafélag.
17. Erindi frá Félagi eldri borgara Strandasýslu.
Eftirfarandi erindi var samþykkt samhljóða á aðalfundi félagsins 3. maí s.l
Aðalfundur Félags eldri borgara í Strandasýslu samþykkir að skora á sveitarstjórnir í Árneshreppi, Kaldrananeshreppi og Strandabyggð að vinna að stofnun “ Öldrunarráðs” á félagssvæðinu. Sveitarstjórn samþykkir að fylgja fordæmi annarra sveitarfélaga á félagssvæðinu.
18. Ísland ljóstengt
Bréf frá Milu varðandi Ísland ljóstengt lagt fram til kynningar. Áfram verður unnið að því að koma ljósleiðara í sveitarfélagið.
19. Ársskýrsla Starfsendurhæfingar Vestfjarða
Ársskýrsla Starfsendurhæfingar Vestfjarða lögð fram til kynningar.
20. Ályktun vegna vanda sauðfjærbænda
Sveitarstjórn samþykkir samhljóða ályktun vegna lækkunar á afurðaverði til bænda.
21. Fjórðungsbings Vestfirðinga.
Fjórðungsbíng Vestfirðinga verður haldið í Reykjanesi dagana 29-30 september n.k Finnur og Ingólfur reikna með að fara á þingið.
22. Bréf frá foreldrum nemanda í grunnskólanum Drangnesi. Magnús lýsir sig vanhæfan og vikur af fundi. Óska þau eftir samþykki sveitarfélagsins fyrir því að dóttir þeirra sækir nám í Réttarholtsskólanum í Reykjavík tímabundið í vetur. Sveitarstjórn samþykkir að heimila að nemandinn sækir skóla í Reykjavík tímabundið í 4 vikur á skólaárinu 2017 -2018. Magnús kemur aftur inn á fundinn.

Fleira ekki fyrir tekið
Fundargerð lesin upp og samþykkt.
Fundu slitið kl. 23.59

Sveitarstjórnarfundur 25.10.2017

Miðvikudaginn 25.10. 2017 kom sveitarstjórn Kaldrananeshrepps saman til 35. fundar kjörtímabilsins á skrifstofu hreppsins í samkomuhúsinu Baldri á Drangnesi. Fundinn sátu þau Finnur Ólafsson oddviti, Jenný Jensdóttir, Guðbrandur Sverrisson og varamennirnir Halldór Logi Friðgeirsson og Margrét Bjarnadóttir í fjarveru Magnúsar Ásbjörnssonar og Ingólfs Haraldssonar. Oddviti leitar afbrigða til að taka á dagskrá Bréf Stefáns Hjaltasonar, sem verður þá númer 14 á dagskrá fundarins, í framhaldi af afgreiðslu mála á síðasta fundi. Afbrigði samþykkt.

Oddviti setti fund kl 20.00 og stýrði honum samkvæmt dagskrá.

Fundargerð ritar Jenný Jensdóttir á tölvu.

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar
2. Fundargerðir nefnda sveitarfélagsins
3. Aðrar fundargerðir
4. Heilbrigðiseftirlitsskýrslur v eftirlits með vatnsveitu og sundlaugum
5. Umsókn um lóð
6. Umsögn um rekstrarleyfi
7. Tillaga Ísafjarðarbæjar um að gerast leiðandi sveitarfélag í málaflokki fatlaðs fólks á Vestfjörðum
8. Ljósleiðari
9. Húsnæðis og byggingarmál
10. Ársreikningur Útgerðarfélagsins Skúla ehf
11. Klúka
12. Umsögn um tillögu að svæðisskipulagi Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Strandabyggðar
13. Könnun um lögfestingu íbúafjölda í sveitarfélagi
14. Hitaveita -Bréf frá Stefáni Hjaltasyni

1. Fundargerð síðast fundar

Oddviti fór yfir afgreiðslu mála frá síðasta fundi. Fundargerðin afgreidd athugasemdalaust.

2. Fundargerðir nefnda sveitarfélagsins
 - a. Fundargerð Fjallskilaneftar frá 9.9.2017 Fundargerðin afgreidd athugasemdalaust.
 - b. Fundargerð Byggingar- skipulags og umhverfisnefndar frá 19. september 2017. Fundargerðin afgreidd athugasemdalaust

Fundargerðin afgreidd athugasemdalaust

3. Aðrar fundargerðir

- a. Fundargerð Velferðarnefndar Stranda og Reykhólahrepps frá 26. september 2017.

1 liður fundargerðarinnar er samþykkt nefndarinnar á breyttum reglum vegna Sérstaks húsnæðisstuðnings. Reglur um sérstakan húsnæðisstuðning hjá Félagsþjónustu Stranda og Reykhólahrepps bornar undir atkvæði sveitarstjórnar og samþykkt samhljóða.

Aðrir liðir fundargerðarinnar afgreiddir athugasemdalaust.

- b. Fundargerð stjórnar Fjórðungssambands Vestfirðinga frá 28. sept 2017. Lögð fram til kynningar.

- c. Fundargerð stjórnar Fjórðungssambands Vestfirðinga frá 19. október 2017. Lögð fram til kynningar.

4. Heilbrigðiseftirlitsskýrslur v eftirlits með vatnsveitu og sundlaugum

Eftirlitsskýrsla v. vatnsveitu á Drangnesi dags 10.10 sýnir að vatnið stenst kröfur skv 536/2001

Eftirlitsskýrsla v Gvendarlaugar hins góða, Klúku dags 10.10 sýnir að laugin stenst ekki kröfur sem sundlaug skv reglugerð um hollustuhætti á sund- og baðstöðum nr. 814/2010. Gerlafjöldi við 37 gráður er yfir 1000. Hins vegar stenst laugarvatnið kröfur skv reglugerð um baðstaði í náttúrunni. Telur heilbrigðiseftirlit vafasamt að flokka sundlaugina sem náttúruleg skv. nügildandi reglugerð. Pottur við hlið laugarinnar stenst kröfur skv reglugerð um baðstaði í náttúrunni. Lagt fram til kynningar.

5. Umsókn um lóð.

Ingólfur Andrússon kt 210544-6589 sækir um íbúðarhúsalóð nr. 13 við Grundargötu Drangnesi. Lóðarbeiðnin samþykkt en jafnframt er bent á kvaðir sem á lóðinni eru vegna ofanflóða.

6. Umsögn um rekstrarleyfi

Sýslumaðurinn á Vestfjörðum óskar eftir umsögn sveitarstjórnar kaldrananeshrepps vegna veitingu rekstrarleyfis til handa Potemkin ehf kt: 570599-2329 vegna reksturs Hótel Laugarhóls, Klúku í Bjarnarfirði. Sveitarfélagið veitir jákvæða umsögn um rekstrarleyfi til Potemkims ehf.

7. Tillaga Ísafjarðarbæjar um að gerast leiðandi sveitarfélag í málaflokki fatlaðs fólks á Vestfjörðum.

Leiðandi sveitarfélag ber alla ábyrgð á þjónustunni sem veitt er á svæðinu og selur hana til hinna sveitarfélaganna samkvæmt samningum. Þs Vest yrði lagt niður og stöðugildi innan þess. Telur Ísafjarðarbær að með þessu fyrirkomulagi fái bætt nýting fjármuna og betri þjónusta.

Málþing sem ber yfirskriftina Leiðandi sveitarfélag, kostir og gallar verður haldið á Patreksfirði þann 3. nóvember n.k. Tilkynna þarf þátttöku fyrir lok dags 26. október n.k. Jenný Jensdóttir mun fara á málþingið.

8. Ljósleiðari.

Oddviti gerir grein fyrir framvindu mála vegna ljósleiðara í sveitarfélaginu. Kostnaðaráætlun vegna lagningar stofnstrengs frá Selá að Drangnesi er alls 25 milljónir og áætlaður hlutur sveitarfélagsins 11 milljónir. Kostnaðaráætlun vegna lagningar ljósleiðara í Bjarnarfjörð er rúmar 14 milljónir og að frádregnum stofngjöldum og styrkjum er áætlaður hlutur sveitarfélagsins 2,4 milljónir án vsk. Sveitarstjórn samþykkir að sækja um í samkeppnissjóð Ísland ljóstengt. Gert verður ráð fyrir þessum framkvæmdum í fjárhagsáætlun fyrir árið 2018.

9. Húsnæðis og byggingarmál.

a. Gatnagerð –“Vitavegur” Kostnaðaráætlun unnin af Kristjáni Inga Arnarsyni starfsmanni byggingarfulltrúaembættisins kr. 29.825.950.- Samþykkt að ráðast í gatnaframkvæmdir á næsta ári og verður sú framkvæmd sett á fjárhagsáætlun næsta árs.

b. Húsnæðismál. Mikill húsnæðisskortur er á Drangnesi og þarf sveitarstjórn að taka ákvörðun um hvort hún ræðst í byggingarframkvæmdir á næsta ári og þá hvernig.

Samþykkt að vinna þetta mál áfram.

10. Ársreikningur Útgerðarfélagsins Skúla ehf.

Ársreikningurinn lagður fram til kynningar.

11. Klúka

Dælan sem séð hefur íbúðarhúsinu á Klúku fyrir heitu vatni er ekki lengur nothæf. Kaldrananeshreppur er eigandi að íbúðarhúsinu á Klúku og borholunni. Oddvita falið að koma á tengingu hússins við borholuna á Klúku.

12. Umsögn um tillögu að svæðisskipulagi Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Strandabyggðar. Sveitarstjórn tók tillöguna til skoðunar og gerir ekki athugasemdir við hana.

13. Könnun um lögfestingu íbúafjölda í sveitarfélagi.

Nefnd á vegum sveitarstjórnarráðuneytis leggur til einhliða fækkun sveitarfélaga með því að lögfesta lámárgs íbúafjölda í hverju sveitarfélagi. Sveitarstjóri Grenivíkurhrepps sendi út könnun til sveitarstjórna um hver væri skoðun manna á þessari tillögu. Svar sveitarstjórnar Kaldrananeshrepps er nei.

Sveitarstjórn Kaldrananeshrepps samþykkir eftirfarandi ályktun vegna þessarar tillögu.

Sveitarstjórn Kaldrananeshrepps mótmælir þeirri niðurstöðu verkefnisstjórnarinnar að lögfesta eigi lágmarksfjölda íbúa sveitarfélaga.

Það er skoðun sveitarstjórnar að mikill lýðræðishalli sé til staðar, sem kemur fram í niðurstöðum verkefnisstjórnarinnar sem felst í þeirri tillögu að íbúum mun ekki gefast kostur á að kjósa um sameiningartillögur.

Það er ljóst að í tillögum verkefnisstjórnarinnar er ekki tekið tillit til margbreytilegra aðstæðna minni sveitarfélaga í fjárhagslegu, félagslegu og landfræðilegu tilliti. Mikilvægt er að forsenda sameininga sveitarfélaga liggja í frumkvæði íbúanna sjálfra og sé unnið á þeirra forsendum. Ef minni sveitarfélög verða sameinuð stærri sveitarfélögum gegn þeirra vilja mun niðurstaðan ekki verða til heilla fyrir samfélagið á viðkomandi stað.

14. Hitaveita – Bréf frá Stefáni H. Helgasyni.

Í framhaldi af umræðum á síðasta fundi leitaði oddviti eftir að fá hugmynd að kostnaðaráætlun vegna hönnunar hitaveitu frá borholu á Mýrunum að byggðinni í Bæ. Telur Stefán að til að gera kostnaðaráætlun þurfi hann að grófhanna kerfið og hitastig vatnsins þarf að liggja fyrir. Þá þurfa að liggja fyrir nákvæm gögn til að vinna eftir. Telur hann að kostnaður við grófhönnun og kostnaðaráætlun yrði c.a 850.000 plús vaskur. Samþykkt að hefja viðræður við landeigendur.

Fleira ekki fyrir tekið
Fundargerð lesin upp og samþykkt.
Fundi slitið kl. 23.59

Sveitarstjórnarfundur 29.11.2017

Miðvikudaginn 29.11.2017 kom sveitarstjórn Kaldrananeshrepps saman til 36. fundar kjörtímabilsins á skrifstofu hreppsins í samkomuhúsinu Baldri á Drangsnesi. Fundinn sátu þau Finnur Ólafsson oddviti, Jenný Jensdóttir, Guðbrandur Sverrisson, Magnús Ásbjörnsson og varamaðurinn Arnlín Óladóttir. Oddviti leitar afbrigða til að breyta heiti á dagskrárlíð nr. 5 og að hann verði Tekjustofnar og gjaldskrárhækkanir 2018 á dagskrá. Bréf um úthlutun byggðakvóta og erindi frá eignarhaldsfélaginu Hvetjanda á Vestfjörðum. Afbrigði samþykkt.

Oddviti setti fund kl 20.00 og stýrði honum samkvæmt dagskrá.

Fundargerð ritar Jenný Jensdóttir á tölvu.

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar
2. Fundargerðir nefnda sveitarfélagsins
3. Aðrar fundargerðir
4. Ljósleiðaramál
5. Tekjustofnar og gjaldskrárhækkanir 2018
6. Lögbylíð Hvammur
7. Veraldarvinir
8. Samræming húsaleigu
9. Jólagjafir
10. Árskort í Sund
11. Styrkbeiðnir
12. Samantekt samstarfsnefndar Sambands isl sveitarfélaga og Félags grunnskólakennara
13. Stofnaðild að Vestfjarðarstofu
14. Byggðakvóti
15. Erindi frá Hvetjanda eignarhaldsfélagi

1. Fundargerð síðasta fundar

Oddviti gerði grein fyrir afgreiðslu mála frá síðasta fundi. Fundargerðin afgreidd athugasemdalaust

2. Fundargerðir nefnda sveitarfélagsins
 - a. Fundargerð kjörstjórnar frá 29. Október s.l. Fundargerðin afgreidd athugasemdalaust
3. Aðrar fundargerðir
 - a. Fundargerð Heilbrigðisnefndar Vestfjarða frá 27. Október 2017 lögð fram til umræðu. Fram kom í fylgiblöðum fundargerðarinnar að sundlaugin á Drangsnesi er sú sundlaug á Vestfjörðum sem sjaldnast hefur fengið athugasemdir frá eftirlitinu. Fundargerðinni fylgir fjárhagsáætlun fyrir árið 2018. Fundargerðin afgreidd athugasemdalaust og fjárhagsáætlun Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða 2018 borin upp og samþykkt samhljóða.
 - b. Fundargerð 853 fundar stjórnar Sambands isl sveitarfélaga. Lögð fram til kynningar.
4. Ljósleiðaramál

Oddviti Finnur Ólafsson gerði grein fyrir þeirri vinnu sem hann hefur verið í vegna ljósleiðaravæðingar sveitarfélagsins. Sótt var um framkvæmdastyrki vegna verkefnisins. Sveitarfélagið hefur hlotið styrk alls kr. 6.070.000.- úr verkefninu Ísland ljóstengt. Þarf sveitarstjórn að taka ákvörðun um hvort hún nýtir sér þessa úthlutun. Beðið er eftir niðurstöðu vegna stofnstrengs. Einnig verða innheimt notendagjöld sem ákveðin verða af sveitarstjórn síðar. Heildarkostnaður við verkið er lauslega áætlað stofnstrengur Selá að Drangsnesi 30 milljónir og okkar hlutur ca 13 milljónir. Heildarkostnaður að leggja ljósleiðara í Bjarnarfjörð er áætlaður 15,3 milljónir. Heimtaugar út frá stofnstreng Selá að Drangsnesi og Bæ áætlaður

kostnaður 5 milljónir. Oddviti ber upp þá tillögu að sveitarstjórn samþykki þessa framkvæmd með fyrirvara um að stofnstrengsumsókn fái brautargengi. Tillagan samþykkt samhljóða.

5. Tekjustofnar og gjaldskrárhækkanir

a. Tekjustofnar: Oddviti leggur fram eftirfarandi tillögu um nýtingu tekjustofna sveitarfélagsins fyrir árið 2017.

1. Útsvar verði 14,52% af útsvarsstofni en eða hámarks útsvarsálagning sem heimilt er samkvæmt lögum.

2. Fasteignaskattar:

a. Íbúðarhús, frístundahús og útihús í sveitum 0,5% af fasteignamati húss og lóðar.

b. Opinberar byggingar 1,32% af fasteignamati húss og lóðar.

c. Aðrar fasteignir, 1,4% af fasteignamati húss og lóðar.

Afsláttur vegna fasteignaskatts aldraðra 70 ára og eldri, sem og 75% öryrkja sem búa í eigin húsnæði er tekjutengdur og miðaður við árstekjur samkvæmt nýjasta skattframtali. Þar með talið eignir og fjármagnstekjur.

Gjald dagar fasteignagjalda verði 5 1. febr, 1. apríl, 1. júní, 1. ágúst og 1. október

3. Lóðarleiga Drangsnæslandi: Lóðarleiga verði 1,3% af fasteignamati lóðar.

Tillagan borin upp og samþykkt samhljóða

b. Drangsneshöfn: Öbreytt gjaldskrá

c. Gæludýraleyfi. Öbreytt gjaldskrá

d. Gjaldskrá Fráveitu verði óbreytt en lágmarksgjald fyrir hvert hús á Drangsnesi verði 16.000 og að hámarki 26.000.- Rotþróargjald verði. Rotþró <4.000 lítra = 16.000.- 4001-6000 lítra verði 20000.- og 6001-8000 lítra 24.000 kr. 8001 – 10.000 verði 35.000.- og >10.000 lítra rotþró verði greitt 3.000 kr fyrir hvern umfram rúmmetra.

e. Gjaldskrá vatnsveitu verði óbreytt af fasteignum sem falla undir a- og b- lið 3. gr. laga nr.4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga. Hámarksgjald á hverja fasteign samkvæmt a- og b- lið skal þó vera kr.18.000.- og lágmarksgjald skv. A- og b-lið skal vera kr. 16.000.-

Heimæðargjald verði 350.000.-

f. Gjaldskrá fyrir sorphirðu hækki um 1,5%

g. Gjaldskrá Hitaveitu Drangsnæs hækki um 2% pr tonn og mælagjald um 3%

h. Dagvistargjöld á Drangsnesi hækki um 2%

6. Lögbýlið Hvammur

Borist hefur erindi þess efnis að óskað er eftir að jörðin Hvammur í Bjarnarfirði landnr.

141768 verði skráð sem lögbýli. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að jörðin verði skráð sem lögbýli.

7. Veraldarvinir

Erindi frá Veraldarvinum þar sem þeir bjóða vinnuframlag sjálfbodaliða til hinna ýmsu starfa. Sveitarstjórn tekur vel í erindið en að svo stöddu eru engin hentug verkefni á áætlun sveitarfélagsins.

8. Samræming húsaleigu

Erindi frá Ingólfi Haraldssyni þar sem hann óskar eftir að sveitarfélagið móti sér stefnu og samræmi leigugjöld í sveitarfélaginu. Arnlin Óladóttur falið að koma með tillögu að samræmdri húsaleigu.

9. Jólagjafir

Tillaga um jólagjafir að gefa starfsmönnum sveitarfélagsins hamborgarhrygg. Tillagan borin upp og samþykkt með 4 atkvæðum einn er á móti.

10. Árskort í Sund.

Oddviti leggur fram tillögu um að selt verði árskort í sundlaugina á Drangsnesi. Árskortið dugi fyrir tækjasalinn og miðist við almanaksárið. Kortið kosti 36.000.- Tillagan borin upp og samþykkt.

11. Styrkbeiðnir

a. Styrkbeiðni frá Aflinu Akureyri, samtökum gegn kynferðis og heimilisofbeldi óska eftir rekstrarstyrk. Styrkbeiðninni hafnað.

b. Saman hópurinn óskar eftir styrk. Styrkbeiðninni hafnað.

c. Snorraverkefnið óskar eftir styrk. Styrkbeiðninni hafnað.

12. Samantekt samstarfsnefndar Sambands isl sveitarfélaga og Félags grunnskólakennara

Lagt fram til kynningar.

13. Stofnaðild að Vestfjarðarstofu ses.

Samþykkt var á haustþingi Fjórðungssambands Vestfirðinga að stofna Vestfjarðastofu í samstarfi við Atvest. 62. Fjórðungsþing Vestfirðinga veitti stjórn FV umboð til stofnunar Vestfjarðarstofu með sameiningu FV og Atvest. Hvert og eitt aðildarsveitarfélaga Fjórðungssambands Vestfirðinga gerist stofnaðili að Vestfjarðarstofu ses. Stofnaðild hefur verið fastsett kr. 100.000.- Sveitarstjórn samþykkir að vera stofnaðili að Vestfjarðastofu.

14. Byggðakvóti

Úthlutaður Byggðakvóti Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis til Drangsness er 76 þorskigildistonn. Sveitarstjórn samþykkir byggðakvótaúthlutunina og að ekki verði gerðar neinar sértækar reglur vegna Drangsness.

15. Erindi frá Hvetjanda eignarhaldsfélagi

Pétur Grétarsson stjórnarformaður Hvetjanda eignarhaldsfélags á Vestfjörðum býður Kaldrananeshreppi að koma inn í Hvetjanda sem hluthafi, annað hvort með handbæru fé eða með hlutabréfum í fyrirtækjum. Varpar hann fram þeirri hugmynd að hreppurinn gæti hugsanlega lagt fram 10-20% hlut í Laugarhól ehf inn í Hvetjanda en þó þannig að hreppurinn yrði áfram stærsti eigandi Laugarhóls ehf eftir kaupin. Hvetjandi á í dag 15% hlut í Laugarhól en hreppurinn 54%. Eftir umræðu í sveitarstjórn er samþykkt að hafna þessu tilboði.

Fleira ekki fyrir tekið

Fundargerðin lesin upp og samþykkt

Fundi slitið kl. 00.10